

Nd. 119. Frumvarp til laga

um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Eysteinn Jónsson, Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 27.00 — tuttugu og sjö krónur — hvert sterlingspund (£), og annarar erlendar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, en hina tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitenda-

félags Íslands. Nefnd þessi skal gera yfirlit yfir framfærslukostnað í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá ársbyrjun 1939, í apríl þó 11. í stað 1. dag mánaðarins, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur, að fengnum tillögum hagstofu Íslands. Komi í ljós, að meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík mánuðina apríl—júni 1939 hafi hækkað um meira en 5% — fimm af hundraði — miðað við meðaltalsframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939, skal kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna hækka frá 1. júlí 1939 sem nemur helmingi þeirrar hækkunar á framfærslukostnaði, sem orðið hefir, ef hækkunin nemur ekki yfir 10%, en $\frac{2}{3}$ af því, sem hækkunin kann að vera yfir 10%. Broti, sem eigi nær einum af hundraði, skal sleppt við þennan útreikning. Á sama hátt skal reikna út meðaltalsframfærslukostnað mánuðina júlí—desember 1939, og skal þá kaupgjaldið hækka frá 1. jan. 1940 eftir sömu reglu, miðað við meðalframfærslukostnað janúar—marz 1939. Gildir það kaup til 1. apríl 1940 og áfram sem samningur milli atvinnurekenda og stéttarféлага. Vilji annarhvor aðili hafa kaupgjald ósamningsbundið frá 1. apríl 1940, skal hann hafa sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara, en eftir þann tíma verður uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Kaupgjald fast ráðinna fjölskyldumanna, enda þótt iðnlærðir séu, sem hafa minna en 300 króna kaup á mánuði, eða sem svarar 3600 króna árstekjum í Reykjavík og tilsvarendi lægra annarstaðar á landinu, skal hækka eftir sömu reglum og kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna samkvæmt þessari grein. — Ríkisstjórnin setur sérstakar reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við ákvörðun kaups samkvæmt þessari grein skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækkað í heilan eyri.

Kostnaður við nefnd þessa, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Kaup það, sem greitt er við gildistöku laga þessara, hvort heldur það er greitt samkvæmt gildandi samningum milli stéttarféлага og vinnuveitenda eða samkvæmt kaupþóxtum, skal óbreytt standa til 1. apríl 1940, með þeim undantekningum, sem um getur í 2. gr. Gildir þetta jafnt þó að í samningum séu ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Á sama tíma er óheimilt að hækka kaup fastra starfsmanna við fyrirtæki einstaklinga, féлага, ríkis, bæjar- og sveitarféлага, nema ákveðið sé í lögum eða það falli undir ákvæði 2. gr.

4. gr.

Útgerðarfyrirtækjum er skylt að ráða sjómenn gegn hluta af afla í stað fast-ákveðins kaupgjalds, ef þeir óska þess, og skal þá um fyrirkomulag hlutaskiptanna farið eftir þeim reglum, sem að undanförunu hafa gilt á viðkomandi útgerðarstað, nema samkomulag verði um annan grundvöll hlutaskiptanna.

Hlutarmönnum, sem gert hafa samning um sölu á hlut sínum fyrir ákveðið verð í íslenskum krónum, er heimilt innan hálf mánaðar frá gildistöku laga þessara að ákveða um þann fisk, er þeir hafa eigi látið af hendi þegar lögín ganga í gildi, að hann skuli, í stað hins samningsbundna verðs, greiddur með því verði, er fyrir hann fæst fob, að frádrögnum þeim verkunarkostnaði og öðrum kostnaði, er á hann fellur frá því hlutarmaður afhendir hann. Þó skal verðið ekki vera lægra en það, sem upphaflega hefir verið ákveðið í samningum. Rísi ágreiningur um það, hvaða verð hlutarmanni beri, sker félagsdómur úr.

Frá 1. jan. 1940 skulu aflaverðlaun til yfirmanna á togurum, ef um það launa-fyrirkomulag er að ræða, reiknast af verðmæti aflans, að frádrögnu verði fyrir kol og veiðarfæri, sem skipin nota.

5. gr.

Um verðlag á kindakjöti og mjólk á innlendum markaði skulu gilda sömu reglur og um kaupgjald verkamanna og sjómanna samkv. 2. og 3. gr., miðað við

verðlag á sama tíma árið 1938 og 1939. Heimilt er að fella niður verðjöfnunargjald af kjöti samkv. l. nr. 2 9. jan. 1935, eða breyta ákvæðum um það, um eitt ár í senn.

6. gr.

Útlánsvexti í bönkum og öðrum lánsstofnunum má ekki hækka til 1. jan. 1940.

7. gr.

Á tímabilinu til 14. maí 1940 er óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem goldið og umsamið er þegar lög þessi öðlast gildi. Ennfremur er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið samninga.

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna nefnd, sem hafi eftirlit með því, að ákvæðum þessarar greinar sé fylgt, og úrskurði um allan ágreining, sem út af þeim kann að rísa milli leigutaka og leigusala. Skytt er að leggja fyrir þessa nefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir að lög þessi öðlast gildi. Skal nefndin gæta þess, að leiga sé ekki ákveðin hærrí en sambærilegt er við eldri leigusamninga, að dómi nefndarinnar, og hefir hún vald til að ákveða upphæð leigunnar, ef þörf gerist. Ennfremur skal nefndin meta leigu fyrir ný hús. Nefnd þessi skal þannig skipuð, að ríkisstjórnin tilnefni tvo nefndarmenn, en hæstiréttur þann þriðja, og sé hann formaður. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Utan Reykjavíkur skulu fasteignamatnefndir gegna þeim störfum, sem um getur í þessari grein.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef þurfa þykir, að setja með reglugerðum nánari fyriræli um framkvæmd þeirra mála, er í lögum þessum getur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 kr., og skulu sektir renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Á Alþingi 1938 voru samþykkt lög um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál. Nefnd þessi var kosin á þinginu 12. maí 1938 og tók til starfa skömmu eftir þingslit.

Nefndin hefir safnað saman rekstrar- og efnahagsreikningum frá flestum togaraútgerðarfyrirtækjum yfir 5 ára tímabil, 1933—1937, og unnið úr þeim reikningum heildaryfirlit um rekstrarafkomu og efnahag þessa atvinnuvegar. Einnig hefir nefndin samið yfirlit um veiðitíma skipanna, aflamagn, verðmæti aflans og einstaka útgjaldaliði í sambandi við reksturinn. Skýrslur nefndarinnar um þessi efni hafa verið prentaðar og þeim úthlutað til þingmanna. Reikningar togaraútgerðarfyrirtækjanna sýna, að mikill meiri hluti þeirra hefir tapað á undanförunum árum, og samtals nemur tapið, að frádregnum gróða einstakra fyrirtækja, yfir 5 millj. kr. á árunum 1933—1937, að báðum meðtöldum, ef reiknað er með 20 þús. kr. árlegu fyrningargjaldi af skipunum. Vantar þó reikninga frá nokkrum skipum, sem vitað er um, að hafa verið gerð út með miklu tapi á þessum árum. Í árslok 1937 var efnahagur 20 fyrirtækja, sem höfðu samtals 32 togara, þannig, samkvæmt efnahags-

reikningum þeirra, að eignir voru samtals kr. 18085511.74, en skuldir kr. 17461834.88, umfram hlutafé, stofnfé og varasjóði, er nam samt. kr. 2593964.05. Af reikningunum er það ljóst, að hjá mörgum fyrirtækjunum eru eignirnar bókfærðar hærra en raunverulegt verðmæti þeirra er, og var því hagur þeirra verri en þessar tölur sýna. Aðeins fjórði hluti af þessum útgerðarfyrirtækjum átti þá reikningslega fyrir skuldum, en síðan í árslok 1937 hefir hagur togaraútgerðarinnar versnað stórlega, þar sem togararnir munu yfirleitt hafa verið reknir með miklu tapi árið 1938 og það sem af er þessu ári. Munu því skuldir togaraútgerðarinnar nú umfram eignir nema miklum fjárhæðum.

Tap togaranna stafar af ýmsum ástæðum. En höfuðorsakir tapsins munu vera aflatregða síðustu árin, samfara lágu afurðaverði og miklum tilkostnaði. Togararnir eru dýrir í rekstri, meðal annars vegna þess að þeir eru yfirleitt orðnir gamlir og árlegur viðhaldskostnaður þeirra því mikill. Þeir þurfa því að hafa mikinn afla til þess að reksturinn geti borið sig. Til síldveiða eru þeir tiltölulega miklu óhentugri heldur en minni og ódýrari skip. En þrátt fyrir ýmsa annmarka á útgerð togaranna verður eigi hægt að komast hjá að halda henni áfram eins og nú standa sakir, og þarf því að gera ráðstafanir til þess að svo geti orðið.

Til viðbótar því, sem hér hefir verið tekið fram, má benda á þá áætlun um rekstur togara, sem tveir af millipinganeftarmönnum hafa gert og fylgir skýrslum nefndarinnar. Sýnir sú áætlun um 30 þús. kr. halla, og er þó togarinn metinn þar á aðeins 150 þús. krónur, en samkvæmt reikningum útgerðarfyrirtækjanna er bókfært verð skipanna að meðaltali rúmlega 200 þús. kr. Einn af nefndarmönnum hefir þó talið, að hallinn sé hér of lágt áætlaður. Má einnig benda á, að þar sem skipin eru orðin rúmlega 18 ára gömul að meðaltali, hlýtur rekstur þeirra að verða mjög dýr vegna mikils viðhaldskostnaðar.

Um hag vélbátaútvegsins er það vitað, að hann er víða mjög slæmur. Stendur hann þó nokkru betur að vigi en togaraútgerðin, vegna þess að skipin eru yfirleitt ekki eins gömul og togararnir, og ennfremur vegna þess, að allur þorri vélbátaeigenda hefir fengið skuldaskil á árinu 1936. Þó hefir síðan víðast hvar á landinu sigið á ógæfuhliðina fyrir vélbátaútveginum. Síldveiði vélbátanna hefir að visu hin síðari ár svarað hagnaði yfirleitt, en þorskveiðatímabilið hefir hinsvegar venjulega étið upp hagnaðinn af síldveiðunum, og oftast nær meira en það. Veldur því bæði aflaleysi og verðleysi á fiskinum, sem farið hefir saman í mörgum verstöðvum hin síðari ár. Verður eigi annað séð en að mjög hljóti að draga úr þorskveiðum vélbáta, ef eigi verða gerðar opinberar ráðstafanir til þess að hækka verðið, og það því fremur sem útlit er mjög erfitt um fiskisöluna á þessu ári.

Hagur línuveiðagufuskipanna er enn verri en vélbátanna, og nægir í því efni að vísa til þeirra opinberu skýrslna, sem áður hefir verið aflað um þessi mál.

Það er því óhjákvæmilegt, að gerðar séu ráðstafanir til stuðnings útgerðinni, bæði útgerð togara og smærri skipa. Það má öllum vera ljóst, að til ófarnaðar leiðir, ef annar höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, og sá, sem mest framleiðir af útflutningsverðmæti, er árum saman rekinn með tekjuhalla. Afleiðing þess hlýtur að verða samdráttur í þeirri atvinnugrein, vegna þess að fjármagnið leitar þangað, sem meiri arðs er von, og um leið minnkandi atvinna hjá þeim, sem að undanfögnu hafa stundað sjó og unnið að hagnýtingu sjávaraflla.

Framleiðsla útflutningsverðmæta er undirstaðan í þjóðarbúskapnum, sem fjárhagsafkoma landsmanna byggist fyrst og fremst á. Aðeins með útflutningi á íslenskum vörum getur þjóðin staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar erlendis og keypt inn í landið þær nauðsynjar, sem landið skortir. Dragi úr útflutningnum jafnhliða því og fólkinu fjölgar í landinu, hlýtur það að valda auknu atvinnuleysi og fátækt landsmanna, og að lokum að leiða til algerðs hruns atvinnuveganna og hinnar hörmulegustu örbirgðar hjá verkamönnum og sjómönnum. Það er því hvorttveggja í senn, nauðsyn og réttlætismál, að eigi sé lakar búið að þeim mönnum, sem vinna að framleiðslustörfum, heldur en að öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Í frv. þessu er lagt til, að breytt verði gengi íslensku krónunnar á þann hátt, að til hagsbóta verði fyrir útflytjendur íslenskra afurða. Að visu gat verið um fleiri leiðir að ræða til þess að bæta þeirra hag. Fordæmi eru fyrir því hjá einstöku öðrum þjóðum, að sú leið hefir verið farin, að greiða verðuppbót úr ríkissjóði á einstakar útflutningsvörur. Ef sú aðferð væri höfð hér, þyrfti að sjálfsögðu að afla fjár til þess með nýjum tollum eða sköttum.

Beinir skattar, að viðbættum útsvörum til bæjar- og sveitarfélaga, eru nú orðnir miklum mun hærrí hér á landi en í nálægum löndum. Það er því ekki miklum vafa undirorpið, að þess fjármagns, sem þurft hefði að taka til þess að bæta upp verð á útflutningsvörum landsmanna, hefði að langmestum hluta orðið að afla með almennum óbeinum sköttum og tollum á innfluttum vörum. Niðurstaðan hefði því orðið mjög svipuð að því er dýrtíðaraukningu snertir, hvort sem sú leið var farin eða verðgildi peninganna breytt eins og hér er lagt til. Enda þótt uppbótarleiðin hefði verið valin, hlaut nauðsynlegur stuðningur fyrst og fremst að verða borinn uppi af sömu aðiljum og gengislækkunin snertir. En meðal annars vegna þess, að innheimta á nýjum sköttum og tollum svo milljónum kr. skipti, ásamt úthlutun styrkja til útflytjenda, hlyti að verða afar umfangsmikil og erfið í framkvæmd, hefir sú leið verið valin, sem farin er í þessu frv.

Breyting á verði íslensku krónunnar hefir í för með sér skerðingu á peningaeign manna, að því er virðist, en þó má benda á, að peningarnir eru því aðeins nokkurs virði, að framleiðslustarfsemin stöðvist ekki. Þeir, sem taka föst laun fyrir vinnu sína hjá fyrirtækjum ríkis, bæja, félagi og einstaklinga, verða einnig fyrir nokkurri tekjurýrnun við gengisbreytinguna, þar sem gert er ráð fyrir, að laun þeirra verði, með undantekningum þó fyrir þá allra lægst launuðu, óbreytt að krónutali, en vel má þeim mönnum vera ljóst, að ef framleiðslustarfsemin hrynur í rústir, verða litlir möguleikar til að greiða laun fyrir að starfa að öðrum viðfangsefnum. Ríkið eða aðrar stofnanir myndu ekki til lengdar, þegar svo væri komið, geta innt af höndum launagreiðslur né aðrar útborganir. Verzlun og iðnaður hlyti að dragast mjög saman, ef útflutningsframleiðslan minnkar frá því, sem þegar er orðið, þar sem um leið hlyti að taka fyrir innflutning á verzlunarvörum og hráefnum til iðnaðarins. Hér ber því allt að sama brunni. Framleiðslustarfsemin er sá grundvöllur, sem öll þjóðfélagsbyggingin hvílir á. Ef hún stöðvast, er vá fyrir dyrum. Eigi aðeins hjá þeim mönnum, sem beinlínis hafa unnið að framleiðslunni, heldur einnig hjá öllum hinum.

Eins og rakið hefir verið að nokkru, eru ráðstafanir þær, sem hér eru gerðar til breytinga á verðgildi íslensku krónunnar, fyrst og fremst gerðar vegna framleiðslunnar í landinu, til þess að auka útflutninginn og örva atvinnulífið. Þegar velja átti um leiðir að þessu marki, kom það að sjálfsögðu til álita, hvaða leið væri jafnframt líklegust til þess að hafa fljótverk áhrif til bóta á gjaldeyrisverzlunina, sem hefir verið mjög örðug að undanfögnu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vegna þeirra erfiðleika, sem steðjað hafa að þjóðinni um skeið, hefir eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri um mörg undanfarin ár verið meiri en hægt hefir verið að fullnægja, enda þótt ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr innflutningi og auka útflutning. Ef verði erlenda gjaldeyrisins hefði ekki verið haldið föstu að undanfögnu, með einkasölu gjaldeyrisins, hefði hann vafalaust verið stigin í verði, eða m. ö. o. íslenska krónan fallin. Allar þjóðir reyna að halda peningagildi sínu sem stöðugustu, annaðhvort með viðskiptahömlum eða með gengisjöfnunarsjóðum, þar sem gjaldeyrisverzlunin er frjáls. Það er alviðurkennt, að æskilegt sé, að gengisveiflur séu sem minnstar og sjaldgæfastar. En það raskar því ekki, að þegar til lengdar lætur, er ákaflega örðugt, og raunar ókleift, að halda við gengisskráningu, sem er mjög fjarri því verði, sem gjaldeyrisinn yrði seldur í frjálsum viðskiptum. Undir þeim kringumstæðum er afarerfitt að koma í veg fyrir ólöglega gjaldeyrisverzlun og fjárflotta.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, og önnur, sem hér eru eigi rakin, hafa

átt mjög verulegan þátt í því, að lagt er til, að einmitt sú leið verði farin til þess að styðja framleiðslu landsmanna, að breyta verðgildi krónunnar. Það má segja með miklum rétti, að í þessum ráðstöfunum felist í raun og veru aðeins viðurkenning á þeirri staðreynd, að erlendur gjaldeyris hefir undanfarin ár verið seldur þeim landsmönnum, sem hann hafa þurft að nota, allverulega undir verði, ef miðað er við frjálsa sölu.

Enda þótt nauðsynlegt sé að gera þær ráðstafanir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, til stuðnings útflutningsframleiðslunni, á þann hátt að breyta verðgildi íslensku krónunnar, getur alls ekki talizt fært að gefa frjálsa verzlun með gjaldeyri, eins og sakir standa, og er nauðsynlegt að koma í veg fyrir frekari röskun á verðgildi peninganna. Verður að gera öflugar ráðstafanir til þess að halda þeirri gengisskráningu til frambúðar, sem í þessu frumvarpi er lagt til að verði ákveðin.

Í frv. eru ákvæði um, að ef meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík hækkar fyrir 1. júlí 1939 um meira en 5% frá því, sem er fyrir gildistöku laganna, þá hækki kaupgjald verkamanna, sjómanna, svo og kaup þeirra fastlaunaðra fjölskyldumanna í þjónustu ríkisins, bæjarfélaga, sveitarfélaga og einstaklingsfyrirtækja, sem hafa undir kr. 3600.00 í árstekjur í Reykjavík og tilsvarendi lægra annarstaðar á landinu, um helming þeirrar hækkunar, sem orðið hefir á framfærslukostnaðinum, þar til hækkunin hefir numið 10%, en síðan um $\frac{2}{3}$ af því, sem hækkunin kynni að verða umfram þann hundradshluta. Þykir sjálfsagt að mæta, eftir því sem fært er, gengislækkuninni með launauppbótum að því er þessar stéttir varðar, sem þegar hafa orðið fyrir töpum vegna minnkandi atvinnu. Og þó gengislækkuninni verði ekki mætt að fullu með beinni kauphækkun, verður að gera ráð fyrir því, að ráðstafanir þær, sem gerðar eru með frv. þessu, verði til þess að tryggja atvinnureksturinn og auka atvinnuna, þannig að heildartekjur verkamanna og sjómanna verði sízt minni en verið hefir, miðað við framfærslukostnað. T. d. má telja víst, að ef frv. nær fram að ganga, fari allur togarafloinn á sildveiðar á komandi sumri, sem sennilega hefði annars orðið að liggja í höfn. Hinsvegar er í frv. gert ráð fyrir, að þessar stéttir fái eigi á tímabilinu til 1. apríl 1940 aðra kauphækkun en þá, sem í frv. segir, um leið og jafnframt er fyrirbyggt, að kauphækkun verði á sama tíma hjá hinu betur launaða fólki.

Þá er ákvæði í 4. gr. frv. um, að útgerðarmönnum sé skylt að ráða sjómenn gegn aflahlut, ef þeir óska þess fremur en að vinna fyrir fast kaup, og gilda þá þær reglur um hlutaskiptin, sem áður hafa tíðkapt á viðkomandi útgerðarstað, nema samkomulag verði um annað. Er þetta ákvæði sett til þess að sjómenn geti notið þeirrar verðhækkunar á sjávarafurðum, sem leiða mun af verðbreytingu íslenskra peninga.

Í sömu gr. frv. er einnig ákvæði um að breyta nokkuð launagreiðslum til yfirmanna á togurum. Er lagt til, að verð fyrir kol og veiðarfæri skuli dragast frá verðmæti aflans áður en „premia“ til þeirra er reiknuð.

Ennfremur er ákveðið í þessari grein, að seljendur íslenskra útflutningsafurða, sem hafa gert samning um sölu á þeim vörum í íslenskum krónum, geti sagt upp slíkum samningum, ef vörurnar eru óafhentar. Þykir rétt, að eigendum útflutningsvöru sé þannig gert mögulegt að njóta þeirrar verðhækkunar, sem stafar af verðbreytingu peninganna, þó að þeir hafi gert sölusamninga um vöruna áður en sú breyting varð.

Í 5. gr. frv. er ákvæði um, að sömu reglur skuli gilda um verðlag á kjöti og mjólk á innlendum markaði sem um kaupgjald verkamanna og sjómanna, þannig, að verðhækkun á þessum vörum haldist í hendur við hækkun kaupgjaldsins. Þykir ekki ástæða til, að vörur þessar hækki meira en kaupgjaldið, þar sem þess er að vænta, að með aukinni atvinnu við sjóinn skapist meiri og tryggari markaður þar fyrir landbúnaðarvörur, til hagsbóta fyrir bændur, heldur en orðið hefði, ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar til stuðnings sjávarútveginum. Einnig þykir rétt að benda á, að með verðbreytingu peninganna fá íslenskar afurðir betri aðstöðu í

samkeppni við erlendar matvörur, og virðist mega vænta verulegrar söluaukningar á þeim þegar af þeirri ástæðu.

Í 6. gr. frv. er ákveðið, að bönkum og öðrum lánsstofnunum skuli óheimilt að hækka útlánsvexti á yfirstandandi ári.

Þá er samkvæmt 7. gr. frv. óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem nú er, til 14. maí 1940, og sömuleiðis er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, ef leigutaki heldur samninga, nema hann þurfi þess til eigin afnota. Þykir rétt að setja slíkt ákvæði til þess að koma í veg fyrir hækkun á leigu, þar sem húsaleigan er mjög stór liður í framfærslukostnaði í kaupstöðunum, einkum í Reykjavík. Er nauðsynlegt, að gert sé allt, sem unnt er, til þess að vinna á móti dýrtíð í landinu, bæði með slíku ákvæði sem þessu, og með því að beita, svo sem frekast er fært, ákvæðum laga um verðlag á vörum, sem sett voru á síðasta Alþingi, á meðan óhjákvæmilegt er að takmarka innflutning.

Loks er í frv. heimild fyrir ríkisstjórnina til að setja með reglugerðum nánari fyrirmæli um framkvæmd þeirra mála, sem lögin fjalla um, og ákvæði um refsingar fyrir brot á lögnum.